



Reykjavík 28. september 2017

## Greinargerð

### vegna tillögu stjórnarformanns Fjölsmiðjunnar um hækkun þjálfunarstyrkja Fjölsmiðjunnar

Í þjónustusamningi aðila Fjölsmiðjunnar er kveðið á um í 4.1. gr samnings að í september ár hvert verði laun nema ákvörðuð af sveitarfélögum sem aðild eiga að samningnum, auk þess sem kveðið er á um að tekin sé sameiginleg ákvörðun um jólabónus. Stjórn Fjölsmiðjunnar hyggst leggja fram þá tillögu að þjálfunarstyrkir til nema í Fjölsmiðjunni verði hækkaðir og er greinargerð þessi unnin að beiðni stjórnarformanns Fjölsmiðjunnar. Í tillögunni kemur fram upphæð þjálfunarstyrkja og jólabónusar verði samræmd á milli sveitarfélaga sem eiga aðild að starfseminni og að þjálfunarstyrkir verði endurskoðaðir árlega og taki mið af kjarasamningi Eflingar við Samband íslenskra sveitarfélaga til að einfalda afgreiðslu milli ára á samningstíma. Forstöðumanni Fjölsmiðjunnar verði falið að fylgja eftir hækkunum í samræmi við fyrirframgefna og samþykktar forsendur.

Tillagan gerir ráð fyrir að þjálfunarstyrkir nema verði hlutfall af launaflokki 115 í kjarasamningi Eflingar við Samband íslenskra sveitarfélaga, þannig að nemar 16-17 ára fái greitt 55% hlutfall og 18 ára og eldri fá sem nemur 75% hlutfalli.

Núverandi þjálfunarstyrki Fjölsmiðjunnar sjást í töflu 1.

Tafla 1. Núverandi þjálfunarstyrkir Fjölsmiðjunnar

Aldur nema	Tímakaup	Dagurinn	Mánuður
16 og 17 ára	596	3.874	83.950
18 ára og eldri	861	5.579	121.276

Sé miðað við að þjálfunarstyrkir verði áðurnefnt hlutfall launaflokks 115, verða upphæðir þær sem sjást í töflu 2.

Tafla 2. Þjálfunarstyrkir m.v. forsendur tillögu

Aldur nema	Tímakaup	Dagurinn	Mánuður
16 og 17 ára	935	6.075	131.635
18 ára og eldri	1.274	8.283	179.502

Hækkunin hjá 16 og 17 ára nemur rúmum 47.600 kr. á mánuði eða 57%. Hækkun þjálfunarstyrks 18 ára og eldri nemur rúmum 58.200 kr. á mánuði eða 48%.

Ef miðað er við tölur Reykjavíkurborgar þá hafa að meðaltali um 23 ungmenni unnið í Fjölsmiðjunni í hverjum mánuði fyrstu átta mánuði ársins 2017. Fjöldinn skiptist þannig að um tveir nemar af hverjum þremur eru eldri en 18 ára og einn af hverjum þremur á aldrinum 16 – 17 ára. Ef horft er til meðalkostnaðar hjá Reykjavíkurborg fyrstu átta mánaða ársins 2017 sést að meðalkostnaður á hvern nema yfir 18 ára aldri er um 88.500 kr. á mánuði og 54.900 kr. á mánuði fyrir hvern nema á aldrinum 16 – 17 ára.

Ef tillaga um breytingu á þjálfunarstyrkjum Fjölsmiðjunnar verður samþykkt má gera ráð fyrir, að meðalkostnaður á hvern nema hækki í kjölfarið, m.v. óbreytt vinnuframlag. Nemar í Fjölsmiðjunni fá laun greidd í samræmi við mætingar og miðast útreikningar í tillögunni við að viðkomandi mæti allan daginn alla daga.

Meðalkostnaður við hvern nema eldri en 18 ára verður um 131.000 kr. á mánuði sem er hækkun um 69% og fyrir hvern nema 16 – 17 ára verður meðalkostnaðurinn um 86.000 kr. á mánuði sem er hækkun um 57%.

Miðað við notendahóp Reykjavíkurborgar má því gera ráð fyrir að jafnaðarhækkun kostnaðar vegna þjálfunarstyrkja Fjölsmiðjunnar verði um 65%.